

# Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2026, þriðjudaginn 2. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Ernu Birgisdóttur, Andra Val Ívarssyni og Páli Kristjánssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2026:

KM  
gegn  
RB

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I. Aðild:

#### Kærandi:

KM

#### Kærði:

RB

Hamid Dicko

Skrifstofu KSÍ barst kára með tölvupósti frá kæranda þann 19. maí 2026 og var móttækin af skrifstofu KSÍ samdægurs. Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð og gögnum vegna málsins með tölvupósti, dags. 21. maí 2026. Svör bárust frá kærða og þjálfara kærða sama dag.

### II. Kröfur:

Kærandi krefst þess að aga- og úrskurðarnefnd taki háttsemi kærðu til tafarlausrar rannsóknar.

Þá krefst kærandi þess að úrslit úr leik RB gegn KM í B-riðli 5. deild karla, sem fram fór mánudaginn 18. maí 2026, verði ógild og að KM verði dæmdur 3-0 sigur.

### III. Málsatvik:

Mál þetta varðar leik RB gegn KM sem fór fram í B-riðli 5. deild karla í Reykjaneshöllinni þann 18. maí 2026. Leikurinn endaði með 3-1 sigri RB. Samkvæmt kæru er því haldið fram að Hamid Dicko, leikmaður/fulltrúi RB hafi tekið virkan þátt í leiknum þrátt fyrir að hafa verið í leikbanni. Ljóst er að Hamid Dicko hóf keppnistímabilið í leikbanni vegna brottvísunar sem hann fékk í lokaleik keppnistímabilsins 2025 og var enn í leikbanni er umræddur leikur fór fram.

### IV. Málsástæður kæranda:

Kærandi byggir kröfur sínar á því að Hamid Dicko, leikmaður og fulltrúi RB, hafi tekið virka þátttöku í leik þegar hann var í leikbanni. Er á því byggt að Hamid Dicko hafi verið við hliðarlínu

gagnstætt varamannabekkjum og boðvangi og veitt leikmönnum þar leiðbeiningar. Þá er á því byggt að í hálfleik hafi Hamid Dicko gengið inn á leikvöllinn til að ræða við dómara leiksins ásamt því að fara inn í búningsklefa síns liðs.

## V.

### Málsástæður kærða:

Í svörum sínum til aga- og úrskurðarnefndar greinir kærði Hamid Dicko frá því að hann hafi nálgast dómara leiksins í hálfleik í því skyni að spyrja hann út í reglur um það þegar boltinn snertir loft Reykjaneshallar. Kveðst kærði hafa fengið leyfi til þess frá dómara leiksins þar sem hann sé formaður félagsins og neitar því að hafa verið að stýra liðinu í umræddum leik frá hliðarlínunni. Kærði kveðst aðeins hafa komið inn í búningsklefa síns liðs fyrir leik til að koma með búninga, brúsa og bolta og síðan eftir leik til að óska sínu liði til hamingju með sigurinn.

Aga- og úrskurðarnefnd barst einnig erindi frá Jóni Þór Kristinssyni þjálfara liðsins þar sem fram kom að Hamid Dicko sé ekki þjálfari liðsins og hann hafi ekki haft nokkur áhrif á leikinn eða stjórnað einu né neinu úr stúkunni.

## VI.

### Niðurstaða:

Ágreiningsefni þessa máls varðar það hvort Hamid Dicko hafi tekið þátt í leik þrátt fyrir leikbann. Nefndin telur ágreiningslaust að kærði var í leikbanni í umræddum leik. Mál þetta varðar túlkun annars vegar ákvæða reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og hins vegar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Ljóst er að kærði fékk brottvísun keppnistímabilið 2025 sem leikmaður og er umrætt leikbann að rekja til þeirrar brottvísunar. Kemur þá til álita hvort lið RB hafi verið ólöglega skipað í skilningi gr. 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þar kemur eftirfarandi fram:

*„Lið, sem matir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem matir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að lágmarki upphæð kr. 75.000 og allt að kr. 150.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sekt að lágmarki upphæð kr. 300.000 og allt að kr. 500.000 sé brotið framíð í meistaraflokk. Sé brotið framíð í öðrum flokkum skal sektin vera að lágmarki upphæð kr. 100.000 og allt að kr. 250.000.“*

Í máli þessu liggur fyrir að kærði var ekki á leikskýrslu í umræddum leik. Að sama skapi hefur kærði ekki verið skráður sem þjálfari liðsins í leikjum félagsins á keppnistímabilinu, þ.e. frá 1. febrúar sl. Telur nefndin með vísan til alls framangreinds ekki unnt að slá því föstu að RB hafi notað þjálfara eða forystumann sem var í leikbanni í skilningi ákvæðis gr. 36.1. Nefndin telur engu að síður ljóst að kærði hafi brotið gegn reglum KSÍ með háttalagi sínu sem fólst m.a. í því að fara inn á leikvöll í hálfleik í því skyni að ræða við dómara leiksins. Samkvæmt gr. 13.7 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál segir:

*„Þjálfari, starfsmaður eða forystumaður sem tekur út leikbann og matir á leikstað skal vera meðal áborfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik. Frá þeim tíma og á meðan leik stendur er viðkomandi þjálfara, starfsmanni eða forystumanni;*

*a) óheimilt að vera á leikvöllum, í boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem viðkomandi getur verið í tengslum við lið sitt, og*

*b) óheimilt að vera í samskiptum við eða hafa samband við einstaklinga tengdum leik, sér í lagi leikmenn og starfsfólk liðsins.*

*Eftir leik er þjálfara, starfsmanni eða forystumanni í leikbanni óheimilt að taka þátt í blaðamannafundi eða hvers konar umfjöllun eða fjölmiðlastarfsemi á leikvangi í tengslum við leik sem leikbannið tekur til.“*

Af þeim gögnun sem liggja fyrir telur nefndin ljóst að kærði hafi brotið gegn ofangreindu ákvæði. Kærðu skal gerð refsing vegna þessa og horfir nefndin til gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Kröfu kæranda um ógildingu úrslita er hafnað en RB skal greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- til KSÍ vegna háttalags leikmanns og forystumanns sem var í leikbanni í umræddum leik.

## **VII. Úrskurðarorð:**

RB skal greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 150.000,-.

Erna Birgisdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Páll Kristjánsson [sign]

### **Um fresti vegna áfrýjunar:**

*Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.*